

Fréttabréf ÍRA



2. ÁRGANGUR

6. TÖLUBLAÐ
JÚNÍ 1980

TF3AC, IRA-QSL Manager hefur nú gefið út myndarlegan 8 síðna bækling um QSL-kort, bæði fyrir leyfishafa og hlustara. Bæklingurinn hefur að geima ýmsar gagnlegar leiðbeiningar og upplýsingar um QSL-kort, eins og t.d. stærðarstaðla, uppsetningu, útfyllingu, flokkun. o.m.fl. Í bæklingnum eru myndir af mörgum QSL-kortum bæði innlendum og erlendum. Bæklingurinn er að öllu leyti að frumkvæði Guðjóns, og hefur

QSL-kort



hann hvorki sparað vinnu né fyrirhöfn við útgáfuna. Árangurinn er sá, að bæklingurinn er allur hinn vandaðasti, bæði að efni og frágangi. Í honum geta allir fundið gagnlegar upplýsingar, hvort sem þeir eru byrjendur eða lengra komnir. Hér er á ferðinni verðmætt framlag, sem eflaust á eftir að stuðla að bættum QSL-venjum íslenskra radióamatöra um langa framtíð. Guðjón hefur ekki látið hér við sitja sjá. blaðsíðu 5.

Aðrir TF-útileikarnir verða haldnir um verzlunarmannahelgina í sumar. Tilgangur leikanna er að örva áhuga og hæfni Íslenskra radióamatöra, einkum að því er varðar notkun færanlegra stöðva við sambönd innanlands, og jafnframt veita mönnum nokkra ánægju við sameiningu útivistar og amatörrádíós. Fyrstu TF-útileikarnir voru haldnir um síðustu verzlunarmannahelgi. Þeir voru kynntir tæpum mánuði fyrir helgina, og kann að vera að margir hverjir hafi ekki áttað sig alveg strax á því hvað hér var á ferðinni, né heldur haft mikinn tíma til undirbúnings. Þátttaka var þó allgóð miðað við þessar aðstæður, þótt fleiri þátttakendur hefðu mátt skila radíódagbókum en raun, varð á.

Nú er rétti tíminn til að hefja undirbúning næstu útileika og fara að huga að því hvaða tæki á að nota og hvert á að fara. Margir eru með ferðasenda á teikniborðinu, eða hálfkláraða geimda einhversstaðar niðri í skúffu. Einhverjir ætla etv. að heimsækja óvenjulega staði, og er þá ekki ráð nema í tíma sé tekið að kynna sér aðstæður og minnka hættuna á óvæntum heimsóknum sbr. reynslu TF3KX í fyrra.

Þá er einnig rétt að velta því fyrir sér hvort gera eigi einhverjar breytingar á reglunum í ljósi reynslunnar frá í fyrra. Er því hér með komið á framfæri til félagsmanna, að þeir velti þessu fyrir sér. Reglurnar birtust í júlí hefti fréttabréfsins á sl. ári og geta menn kynnt sér þær þar. Hér verður aðeins varpað fram tveimur spurningum, og eru þeir, sem vilja láta álit sitt í ljós, beðnir að gefa sig á tal við stjórnarmenn. Þátttökutíminn var í fyrra takmarkaður við þrjú

FJÖLRITUNARSTOFA DANIELS HALLDÓRSSONAR hefur fjölritað FRÉTTA-bréfið á vildarkjörum og á þakkir skildar fyrir, ásamt auglýsendum og öðrum stuðningsaðilum.



FRÉTTABRÉF Í.R.A. Útg.: Íslenskir radióamatörar.
-Póstfang: Pósthólf 1058, 121 Rvk.
-Aðsetur: Dugguvogur 1, Rvk.
Ritstj. & ábm.: Kristján Benediktsson, TF3KB, Barmahl. 55,
R. Efni sendist til: TF3KB, pósthólf 1058, 121 Rvk.
-Í síðasta lagi 20. hvers mánaðar fyrir næstu útgáfu.

tímabil, sem hvert um sig var þrjár klukkustundir. Þetta var gert til að men þyrftu ekki að hafa sambönd. Í spreng allan. tímann, eins og í flestum keppnum, heldur gætu gefið sér tíma til að sinna fjölskyldunni, færa sig úr stað, eða hafa sambönd af öðru en halló-bless tagi. Hinsvegar kann svo að vera af ýmsum ástæðum, að menn séu í betri aðstöðu til að hafa sambönd á öðrum tímum og ekki ástæða til að gefa enga punkta fyrir það. Væru vel þegnar ábendingar og hugmyndir um það hvernig skynsamlegt væri, að sameina þessi sjónarmið, án þess að stóru skyttarnar fái að vera á fullu allan tímann. Hin spurningin er hvort punktagjöfin sé ekki of hliðholl þeim, sem eru nálægt þéttbýlum amatörsvæðum, og hafa af þeim ástæðum betri möguleika að safna upp mörgum punktum, meðan hinir, sem lengra hafa farið, hafa mun. minni möguleika á slíku. Etv. mætti finna einhverja skynsamlega punktagjöf, sem hin nýja kallsvæðaskipting landsins kæmi inn í. Hvað hafa menn. um þetta að segja?

Loks ná minna hlustarana á að útileikarnir eru líka fyrir þá.

73 d.e TF5KB

Guðjón. TF3AC hefur fengið Múlalund til að búa til sérstakar hand.-unnar möppur undir QSL-kort. Í möppunum eru glær kortaumlög af rétttri stærð fyrir QSL-kort, og komast fyrir 6 kort á hverju blaði. Möppurnar geta tekið 120 eða 180 QSL-kort hver. Fyrsta upplagið hefur líkað mjög vel og hefur runnið út eins og heitar lummur. Það er ætlun Guðjóns, að möppurnar verði til á lager í framtíðinni. Þeim, sem áhuga hafa á að tryggja sér eintak af næsta upplagi af QSL möppunum eða nálgast eintak af QSL bæklingnum er bent á að hafa samband. við IRA-QSL “bureau”, Guðjón TF3AC eða Matthías TF3-055.

TCA 440 á 80 metrum

Í fréttabréfi IRA - Maí 1980 - benti Vilhjálmur TF3DX á möguleikan á að nota samrásina TCA 440 í viðtæki fyrir 80 metra. Þetta minnti mig á að ég sá nýlega teikningu af 80 m AM/SSB viðtæki í “Design Examples of Semiconductor Circuits - 1978/79”, sem gefið er út af Siemens.

Viðtækið er með bandbreiðri. inngangsrás, þannig að aðeins þarf einfaldan breytipétti sem tengist við sveifluvakann sem vinnur neðar en viðtökutíðnin. Í stað breytipéttis og drifs mætti e.t.v. nota rýmdardíóðu og svokallaðan “helipot”, sem er 10-snúninga breytiviðnám.

Í millitíðnimagnara er notuð keramik sía, sem þarf helzt að hafa minni bandvídd en 3 kHz. S-mæli má tengja við pinna 10 á TCA 440.

Samrásin SO 42 P notuð sem skynjari fyrir SSB, en díóðan AA 118 fyrir AM.

Aðeins er gert ráð fyrir móttöku á neðra hliðarbandi, en það er oftast notað á 80 m. Í meðfylgjandi teikningin vantar heyrítíðnimagnara og mætti e.t.v. nota Jostykit AF 386.

Næmni viðtækisins er sögð vera 1µ V fyrir 10 db merki/suða.




Fig. 1.9.

Coil data

	Turns	Wire diameter	Coil former	Screw core
L ₁	3	12 × 0.4 ESSCu	Sp 3.5/18.5	K1
L ₂	33	12 × 0.4 ESSCu		
L ₃	33	12 × 0.4 ESSCu		
L ₄	15	12 × 0.4 ESSCu	Sp 3.5/18.5	K1
L ₅	40	0.15 ECu		
L ₆	15	0.15 ECu	Vogt filter set D41-2519 or cube core	
L ₇	70	12 × 0.04 ESSCu	D41-2513 complete	
L ₈	12	12 × 0.04 ESSCu		
L ₉	70	12 × 0.04 ESSCu	D41-2519 complete	
L ₁₀	5	12 × 0.04 ESSCu		
L ₁₁	70	0.1 ECu	D41-2519 complete	

Notes: ECu = enamelled copper wire. ESSCu = enamelled silk screened copper wire

Ágúst, TF 3 OM

DX-fréttir

BRUNEL....Fyrir þá sem vantar Brunei, VS5, þá er VS5JM virkur í DX-netinu hjá JA6BEE á 21,230 MHz ± QRM um kl. 1330 z. OSL via Box 1200, BSB, Brunei.

MACAO.....Næsta stopp hjá KP2A í ferðalagi hans um Asíu er í Macao, CR9. En það verður í byrjun Júní. QSL via VB2KXA.

REUNION IS.....FR0FLO hefur verið mjög virkur á böndunum. Hann hefur m.a. verið í “The Roundtable” á 14,175 MHz± QRM um kl. 1930 z. Stjórnendur þess eru m.a.: F6EVE, FY7AN, VK7AE, VP2VBK og VP2MH.

FR0FLO QSL via Box 200, LE TAMPON, REUNION IS.

ST. PETER & ST. PAUL ROCKS og FERNANDO DE NORONHA.....PY1YCW og PY2SOB fara í DX-ped. Eingöngu er fyrirhuguð starfræksla á 80 m bandinu. DX-ped. hefst um 5. júní og verða kallmerkin PY0SOB og PY0CW. TOKELAUUS IS.....Staðfest hefur fengist hjá K1MM að ekkert verður af DX-ped. á Tokelaus IS., ZM7, hjá honum þetta sumar.

80m CW W1CF(03),LU9EIE(03)

SSB CT3AB(23),PY1YCW(00),LU2FFD(00),ZP5EF(00),VP8QG(02)

40m CW N7CW(04),KB2DF/VP9(03)

SSB CT3AB(23)

20m CW H44DX(13),JT1KAA(18),FR7BN(17),TA2HIA(16),4U1UN(02)

SSB 9V1UK(18),VK9XW(17),VS6CZ(16),FK8DD(12),TI9PN(01),BV2B(16)

15m CW UM8MBA(06),HS1ABD(20),KG4WM(01),7X4AN(18),9N1MM(04)

SSBVK9NM(13),OE3REB/YK(18),FR0FLO(19),VS5JM(16),KC6IN(16)

10m CW EA9GN(13)

SSB ZP5RG(13)

DU1JB via Box 3968, Manila, Philippines; FK3DD via WB3JUK; DA1WA/HB0 via DJ0LC; DA2DC/HB0 via DA2DC; HS1ABD via K3EST; TI9PN via TI2CF;

TR8GM via F6ESH; VK9NM via DJ5CQ; ZD8TC via N2CV; DP5FM/5N0 via DF3FN;

5N0RHK via DB4FO; 9N1MM (op. KP2A) via K2UQ; 9X5DR via Box 58, Ruhengem, Rwanda.

DXCC-staðan:

TF3SV	268	TF3AC	115	TF3SO	37
TF3YH	223	TF3HN	85	TF3ALU	30
TF3CW	205	TF3033	70	TF5AKU	30
TF5DC	165	TF3UA	56	TF3KC	8
TF3JB	160	TF3LJ	50	TF3CC	5
TF3SG	160	TF5GW	50	TF3RA	2
TF3BB	140	TF3BS	48	TF3SZ	2
TF3KG	130	TF3GCN	44	TF3ANN	1
TF3US	128	TF3035	126		

73 de TF3YH

TF3JO:

Þankar um radióskiyrði á HF 3-30 MHz.

Það er farið fram á að ég riti á blað nokkrar hugleiðingar um radióskiyrði. Ég vil taka það fram, að þetta verður engin vísinda-grein, heldur frásögn af eigin reynslu í rúm 50 ár.

Radióskiyrði og tíðnival fer eftir: Hnattstöðu, vegalengd, og tíma árs og dags, Einnig hefur 11 ára sólríð mikil áhrif á stöðugleika skilyrða og hækkar tíðnival yfirleitt eftir því sem sólblettir aukast. Síðustu hámarks voru um 1968 og þar áður í kringum 1957, svo að um þessar mundir ætti þetta að vera í hámarki.

Við tíðnival er stuðst við eftirfarandi. Hærrí tíðnir á sumrin. Lægri á vetrum. Hærrí á daginn. Lægri um nætur.

Hærrí tíðnir til lengri leiða. Langdrag mest við sólrís og sólarlag. "Long path" við sólrís, "Shor"t path" við sólsetur.

Hafa verður í huga, að sterk merki frá stöðvum stutt í burtu eru komin inn áður en langdrægi verður mest og kemur þá með æfingu að hlusta eftir daufari "multi hop" merkjum, sem að þekkjust á því hvað þau eru bergmálskennd og skjálfaandi. "Skilyrði" eru fyrir amatöra og reyndar alla, sem við radió vinna, álíka mikilsverð og veðrið er fyrir sjómanninn, enda eru þau oftast fyrsta og síðasta umræðuefnið, en skilyrði og viðhorf til þeirra eru mæta ólík, eftir hvar á jarðkringlunni er og til hvers þau eru notfærð. Frá TF landi séð eru breytingar á skilyrðum milli dags og nætur, meiri til suðurs og suður af okkur, en í norður. Einfaldasta skýringin er, að aðeins er einn dagur og ein nótt á pólonum, sem að veldur því að skilyrði haldast stöðugri. Til frekari glöggvunar þá set ég hér typiska tíðninotkun um þessar mundir. Frá miðnætti til morguns eru tíðninar 2,8 til 6 MHz notaðar milli Bretlandseyja og allt til norður Amríku, á meðan 8 til 11 MHz eru notaðar frá Íslandi og allt til Alaska. Að deginum eru 8 og uppí 13 MHz algeng fyrir sunnan okkur, en til norðurs verður lítil breyting. Langdrægi verður svo meira eftir því sem hærra er farið í tíðni, ef ástæður leyfa.

Við skulum aðeins skyggast um á amatör böndunum nú í maí 1980. 3,5 MHz byrjuð að dofna vegna hækkingar sólar, með Evrópu "sigs" fyrir og eftir miðnætti og austurströnd USA fyrir sólrís. 7 mhz eru meira lifandi og suður Amríka fer að heyrast uppúr þrjú. Eftir 0400z má búast með enn meira langdragi á 7 MHz eftir því sem kaupin gerast. Ef að við höldum okkur við þá reglu að skilyrðin færast með sólargangi, sjáum við og heyrum að á 14 og 21 MHz endurtekur þessi mynd sig en ofan á bætist að merki frá Evrópu haldast inni á "short skip" nema að UK dettur hvað helst út, Kyrrahaf og lengra næst þegar nær dregur sólrísi. 21 MHz eru inni mest allan sólahringinn um þessar mundir, EN þegar draga fer úr þessum góðu skilyrðum eru þau oft ekki í gangi nema stuttan tíma dags og 28 MHz eru ekki í gangi langtímum saman.

Ég gat um að tíðnival færi eftir hnattstöðu. Þær tíðnir sem að virðast stöðugastar hér, eru á bilinu 5 til 12 MHz, hækkar tíðnisviðið eftir því sem sunnar dregur, en taka verður tillit til að breiddargráður radió-skiyrða fylgja ekki hnattgráðum, t.d. virðast mér norður LA, SM, OH, og U lönd hafa hærra svið heldur en við. Lækkar svo þetta frá miðbaug. Kunningi minn frá Acension (ZD8), en eyjan liggur við sjöundu gráðu suður breiddar, kom hér í heimsókn og var mikið hissa,

Þegar hann heyrði dauðasuðið á 28 MHz. Hann sagði að 28 MHz væri sín eftirlætis tíðni, jafnt á nóttu sem degi og hafa armband um nætur langtímum saman til vestur strandar USA og var uppfullur af því að breyta 27 MHz cb stöð fyrir tíðnina til hægðarauka, enda þyrfti hann ekki meira afl en 2 til 3 w. Það rann upp fyrir honum ljós af hverju ég valdi 21 MHz í stað 28 MHz sem kvöldbylgju á milli okkar, en við höfðum prýðis samband þar, 28 MHz notuðum við afturámóti um miðjan dag, þegar að þau voru í gangi hér.

-framhald.

Það hefur verið dálítill misskilningur hjá félögum í ÍRA-QSL "bureau" hvernig ganga á frá QSL-kortum í "bureau"-ið. Þess vegna viljum við taka eftir farandi fram, hvernig á að raða QSL-kortum til sendinga:

1. Samkvæmt kallmerkjum: A2, A4, A9, CE, CT, ... o.s.frv.
2. Bretland: G, GB, GC, GD, ... o.s.frv.
5. Bandaríkin: A1, K1, N1, A2, K2, N2, W2, ... o.s.frv.
4. Svíþjóð: SM1, SM2, SM3, SM4, ... o.s.frv.
5. Ef stöðin hefur "manager" t.d. 9A4VT via W5DJZ flokkist sem W5.
6. Sér kallmerki eru sett með í bunka viðkomandi lands t.d. CG=VE.
CI=VE, 8J=JA, ... o.s.frv. (Hafið Bandaríkin ávallt í sér bunka). 7. Komið með QSL-kortin einu sinni í mánuði, EKKI OFTAR, svo ekki verði tvíverknaður á röðun og talningu á þínum QSL-kortum. Það er tekið úr QSL kassanum 1. hvers mánaðar, þess vegna er bezt að setja í hann seinni part mánaðar.

Þegar QSL bunkinn er svo settur í "bureau"-ið eiga kallmerkin að vera í stafrófsröð og kortin talin.

Þegar kortin koma til viðkomandi lands fá þau nokkurn veginn sömu meðhöndlun. Þá er bunkinn flokkaður eftir kallsvæðum. og sendur til mismunandi klúbba eða beint til viðtakandans. Það má geta þess, að út er kominn bæklingur um QSL-kort á íslensku.

ÍRA-QSL "bureau" TF3AC TF3-035

Uppskot ARIANE misheppnaðist hinn 23. maí sl. skv. frétt í ríkis-útvarpinu. ARIANE eldflaugin evrópska átti að flytja OSCAB 9 á braut frá Kourou í frönsku Guayana, eins og sagt var frá í síðasta fréttu-bréfi. Ekki liggja fyrir aðrar upplýsingar en fram komu í útvarpsfréttinni, en þar var sagt að bilun hefði orðið í eldflaugarhreyfli. Ekki var greint nánar frá kringumstæðum, eða hvort bilunin hefði orðið áður eða eftir að eldflaugin var komin á loft. Því síður liggja fyrir nokkrar upplýsingar um það hvaða áhrif þetta hefur á Phase III áætlunina. Þrátt fyrir nokkra eftirgrennsan á amatör-böndunum hafa nánari fréttir ekki borist.

PIRA hefur undir höndum filmu af prentplötu lágsláttarviðtækis (Direct Conversion Receiver), sem lýsing birtist á í QST Apríl 1978. Þeir, sem áhuga hafa geta pantað prentplötu. Blandarinn í viðtækinu er tveir MPF 102 FETar og sveiflufakinn einn MPF 102. Í hljóðtíðni-magnara er 2N2222A notaður sem formagnari, en á eftir honum er LM 386 í útgang. Kjöríð fyrir þá, sem eru á höttunum eftir einföldu viðtæki t.d. fyrir TF útleikana.

Embættismenn Í.R.A.

Haldinn var embættismannafundur í Í.R.A. hinn 22. apríl 1980. Á fundinum gerði hver embættismaður grein fyrir viðhorfum sínum til félagsstarfsins almennt og síns embættis sérstaklega, ásamt með lýsingu á stöðu einstakra mála. Rædd var nauðsyn þess, að Í.R.A. starfi á breiðum grundvelli að sem flestum hliðum amatörradíós samtímis bæði innávið og útávið. Stjórn Í.R.A. lagði fram drög að skilgreiningu a verksviðum embættismanna til viðmiðunar og reynslu. Þar eru settir á blað ýmsir sjálfsagðir hlutir varðandi ebætti, sem hafa verið skipuð til þessa, auk nokkurra nýmæla. Auk þess eru skilgreind nokkur ný embætti. Samtals voru skilgreind embætti gömul og ný um 40 talsins. Rætt var um það hvort jafn lítið félag og Í.R.A. gæti staðið undir slíkum fjölda embætta og hvort þörf væri á þeim öllum. Bent var m.a. á að Í.R.A. sem landsfélag radióamatöra hlyti að hafa margvíslegu hlutverki að gegna. Til að sinna því hlutverki á breiðum grundvelli væri gott að reyna að gera sér heildarmynd af því sem vinna ber að. Þessi skilgreining á verksviðum væri viðleitni í þá átt, þótt svo að einhver embætti væru óskipuð fyrst um sinn. Ef fram heldur sem horfir, að leyfishafar verði orðnir nálægt; eitt þúsund um næstu aldamót, þá geti ráðið miklu um það hvert sá hópur stefni, hvernig staðið er að málum í dag.

Í framhaldi af embættismannafundinum og með hliðsjón af þeim góðu undirtektum, sem framlögð drög fengu þar, samþykkti stjórn Í.R.A. þau fyrir sitt leyti. Jafnframt skipaði hún í samráði við hlutaðeigandi einstaklinga nokkra nýja embættismenn. Ekki gefst hér rúm til að fara út í skilgreiningar á öllum verksviðum, en hér verður gefið yfirlit yfir embættin, hvort þau eru laus eða skipuð og þá af hverjum:

Fræðslu- og úrgáfumál:

Prófnefnd: TF3DX formaður, TF3KX ritari, TF3KB, TF5LG og TF3SB.

Fræðslustjóri: TF3KB, hefur umsjón með þeirri fræðslustarfsemi, sem fram fer á vegum félagsins; nýtt embætti.

Söguritari: TF3AC leitar uppi og heldur til haga gögnum varðandi sögu Í.R.A. og íslenzks amatörradíós nýtt embætti.

Ritstjóri CQ TE: laus.

Ritstjóri Fréttabréfs Í.R.A.: TF3KB í fjarveru TF3KX.

Auglýsingastjóri: laus í fjarveru TF3KX. Tæknimál:

Tæknilegur forstjóri: TF3ANN. hefur umsjón með þeirri tæknilegri starfsemi, sem fram fer á vegum félagsins í nánú samstarfi við aðra embættismenn; nýtt embætti.

Verkstæðisformaður: TF3KC, hefur umsjón með smíðaaðstöðu Í.R.A.

Metrabylgju forstóri: (VHF Manager); í athugun.

Útbreiðslukönnuður radióbylgna: laus; nýtt embætti.

Forstjóri PÍRA: TF3ANN unz annar tekur við.

Truflanavarnatæknir: TF3SB, safnar saman og miðlar upplýsingum um aðferðir til að losna við truflanir frá amatörsendum.

RTTY forstjóri: TF3SB tekur við af TF3KB.

SSTV forstjóri: laus; nýtt embætti.

frh. á bls. 10

Kvikmundasýningar - Fræðslufundur

Félaginu hefur borist kvikmyndin "The World of Ham Radio" frá IARU Region 1. HÚN verður sýnd í félagsheimilinu að DUGGUVOGI 1B, Reykjavík kl. 2030 fimmtudaginn 26. júní 1980. Á eftir mun Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX halda fræðsluerindi sitt um næmleika viðtækja, S/N hlutfall og niðtölu, sem frestað var fyrir skömmu.

Skotfélag Reykjavíkur hefur nú fest kaup á húsinu að Dugguvogi 1B. Að sögn stóðu samningar við eiganda hússins yfir um nokkurra mánaða skeið áður en þeir tókust. Stjórn Í.R.A. var ekki kunnugt um þetta fyrr en að Samningafundum loknum. Félagsmálastofnun hafði áður framleigt Í.R.A. húsið, sem síðan framleiddi Skotfélaginu hluta þess. Sá húsaleigu-samningur er fyrir skömmu runninn út, en þegar Í.R.A. flutti í húsið, tjáði Félags-málastofnun að venja væri hjá þeim, að gera ekki húsaleigusamninga til lengri tíma, en þeir yrðu síðan framlengdir eftir þörfum. Í kaupum Skotfélagsins munu ekki fylgja nein lóðarréttindi, en þrjár lóðir munu sameinast í húsinu miðju. Húsið fær að standa til 1986, en þá geta lóðaeigendur gert kröfu til afnota af lóðinni og munu sennilegast gera það. Þá verður húsið að vikja. Skotfélagið hefur óskað eftir fundi við fulltrúa Í.R.A. til að ræða húsnæðisáálin í ljósi hinna breyttu aðstæðna.

Fundur í NRAU (Nordisk Radioamatör Union) var haldinn í Helsingfors 22. - 25. marz 1980. Í.R.A. var boðið að senda fulltrúa, en gat það ekki af fjárhagsástæðum. Á fundinum gerðist ýmislegt, sem þýðingu hefur fyrir íslenska radióamatóra og verður hér gerð grein fyrir því: Í.R.A. var samþykkt sem félagi í NRAU, en hafði ekki verið það áður. Við sama tækifæri var FRA einnig veitt innganga. Samþykkt var að taka til athugunar fram að næsta fundi möguleikana á að greiða kostnað við þátttöku ÍRA og FRA á fundum NRAU, sem eru haldnir til skiptis í OZ, LA, OH og SM. Að tillögu ÍRA var á dagskrá fundarins ræddur möguleikinn á að setja á fót útgáfu á samnorrænu amatörblaði. Að baki þessarar tillögu ÍRA var sú skoðun að með einu blaði í hverju landi næðust ekki sömu möguleikar til skoðanaskipta milli landanna og með einu sameiginlegu blaði. Tillagan hlaut ekki fylgi fundarmanna. Borið var við að útgáfa slíks tímarits væri ekki framkvæmanleg, fjármagn og geta takmörkuð, málið ekki tímabært, tungumálavandamál o.s.frv. Samþykkt var að senda amatörblöð landsfélaganna til ÍRA og FRA, sem reyndar var þegar gert (a.m.k. ÍRA). Þá var samþykkt að leggja til við ÍRA og FRA að þau skrifuðu grein á ensku og sendu til birtingar í blöðum hinna norðurlandanna. Þessi léttvæga afgreiðsla málsins virðist benda til að fundarmenn hafi álitnið fyrst og fremst útgjálkasjónarmið liggja að baki tillögunni. Benda má á að SARTG(Scandinavian Amateur Radio Teleprinter Group) hefur um árabil haldið út samnorrænu blaði á sínu sérsviði með góðum árangri. ÍRA verður nú með hinum norðurlöndunum í SAC(Scandinavian Activity Contest) í fyrsta skipti. Í þessari árlegu keppni, sem norðurlöndin halda, keppa þau innbyrðis og hafa sambönd við allan heiminn, sem hefur eingöngu samband við norðurlöndin. Fram að þessu hefur Ísland verið utan norðurlandanna (Skandinavíu) í þessu til-liti. Samþykkt var, að nota það upplag af SAC viðurkenningarskjólum sem til er, en prenta síðan nýtt, þar sem m.a. fánar Íslands og Færeyja yrðu með. Af öðrum málum, sem rætt var um má nefna: Truflanamál(BCI, TVI og RFI), WARC 1979, möguleikar á opinberum stuðningi við amatör-radíó, radiómiðun, VHF o.fl.

DARC (Deutcher Amateur-Radio-Club) hefur boðið formanni ÍRA til fundar í Friedrichshafen 27. - 29. júní 1980. Formenn landsfélaga í IARU munu koma þar saman og ræða framtíðarhorfur í amatörradíó að aflokinni WARC 1979 ráðstefnunni. Fjárhagsástæður ÍRA hafa ekki breyttzt í þessum efnun, hverjar sem framtíðarhorfurnar kunna að vera.

embættismenn. Í.R.A. frh. af bls. 8:

Viðskiptamál:

QSL Manager (QSL forstjóri): TF3AC.

“Diplóm Manarer” (Viðurkenninga forstjóri): TF3AC; nýtt embætti.

“Diplóm” nefnd: TF3AC formaður, TF3JB, TF3CW og TF3KB.

Keppnis-forstjóri (Contest Manager): TF3CW.

Viðskiptaforstjóri: (Traffic Manager): TF3YH, annast viðskiptaleg mál-efni félagsstöðvarinnar og miðlar upplýsingum til félagsmanna um þau viðskiptamál, sem ekki tilheyra öðrum (QSL/Contest/Diplom).

Neyðarfjarskiptastjóri: í athugun.

Ýmis önnur félagsmál:

Stjórn Í.R.A.: TF5KB formaður; TF3CW varaformaður, TF3JB ritari, TF3RA gjaldkeri, TF3YH spjaldskrárritari. Varamerm TF3LG og TF3SB.

Bóka- og blaðasafnsstóri: TF3UA.

Drykk- og meðlætisstjóri: TF3-035.

Húsvörður Í.R.A.: TF3-035.

Radíómiðunarstjóri: laus.

Radíóskáta- tengill: laus.


Almanna(PR)- Póst- og síma- IARU- tenglar: í umsón stjórnar.

BÓKAVERZLANIR SNÆBJARNAR

Hjá okkur ávallt fyrirleggjandi mikið úrval hvers kyns tækniritra hvaðanæva úr heiminum.

Munið sérstaklega ARRL amatörabækunar sem eru ómissandi á sérhverju amatörheimili. ARRL-HANDBÓKIN 1980 er komin með fjölda nýunga, sem enginn má missa af

Í næstu þæjarferð væri ráð að líta við í HAFNARSTRÆTI 4 og 9.



HF Mobile Transceiver FT-7B



The all-solid-state FT-7B provides power and performance for the amateur on the move. The rugged transistor final amplifier stage operates at an input power of 100 watts for SSB and CW, 25 watts for AM. The YC-7B optional

frequency display provides safe indication of your operating frequency from your dash board, steering column, or other convenient location. Small size and light weight make the FT-7B the rig for you—today's active amateur.

Features

- Active audio peak filter for CW.
- MOS FET front end with diode ring mixer for excellent strong-signal performance.
- Single-knob tune-up eliminates fumbling for load and plate controls while driving.
- Receiver offset tuning.

- Semi-break in CW with sidetone.
- Use optional YC-7B remote digital display for safe driving with top performance.
- Matching FP-12 power supply available for base station operation.
- Extremely compact size for installation under dash board.

Specifications : FT-7B

GENERAL

Frequency coverage: 80m 3.5–4.0 MHz, 40m 7.0–7.5 MHz, 20m 14.0–14.5 MHz, 15m 21.0–21.5 MHz, 10m A 26.0–28.5 MHz**, 10m B 28.5–29.0 MHz, 10m C 29.0–29.5 MHz**, 10m D 29.5–29.9 MHz**
** 28.5–29.0 MHz crystal installed, other crystals available at option.

Power requirements: 13.5 VDC \pm 10% @ 10A transient, 0.6A peak-to-peak.

Dimensions: 230(W) x 80(H) x 300(D) mm including heat sink.

Weight: Approx. 5.5 kg.



FP-12 Power Supply 13.5 VDC @ 12 amps.

YAESU
The radio.

HIJŏŏteknŏ / sŏŏumŏŏ 22 / R.

Hljóang - Hljóang - Hljóang
 Útvali frá Ohio Scientific,
 Second Super Board II.

Stíkt úrval af málverkjum og tengi-
 brettum frá C.S.C.

HRINGDU - KOMDU - SEÐAFU

1980 VÖGULLISTINN FRA
 JOSTY-KIT KOMINN!!!

SAMEIND HF.

GRETTUGATA 44 PÓSTBÓX 7188 107 REYKJAVÍK
 SM 41 2134 NÁNNI 3473-8014



Bjuggum eftirfarandi frá William M. Nye í U.S.A.

114-310-001 morsklykill	Kr. 7.953
114-312-004 morsklykill	" 9.400
114-321-003 morsklykill	" 12.840
114-000-002 undirleg	" 2.489
114-404-001 tóngjafi w/undirlegi	" 14.000
250-020-001 Low pass sfo, 5KW max.	" 23.900

Einnig Mustler /Mobile loftnet:

RM-10 resonator f. 28 MHz (400W)	" 6.640
RM-15 resonator f. 21 MHz (400W)	" 6.640
RM-20 resonator f. 14 MHz (400W)	" 8.290
RM-40 resonator f. 7 MHz (400W)	" 10.510
RM-80 resonator f. 3,5 MHz (400W)	" 12.900
M0-2 leggur, 90° fellinguleiki	" 18.300

Yaesu YD-148 borðhljóðnemi, 500/30000 ohm	" 28.000
Yaesu YD-846 handhljóðnemi, Z = 30000 ohm	" 6.900
Yaesu YE-7A handhljóðnemi, Z = 500 ohm	" 6.900

Coax-keplari kr. 300 pr. m.

Coax-tengi, PL-259, þessi góðu gömlu ameríska með
 fibrefni í einangrun, með UG-175 kr. 500 stk.

Kallbókin 1980 - U.S.A.	10.500
Kallbókin 1980 - DX	9.900
Prefix-kort frá Kallbókinni, 13. útg.	1.200
DX-Guide frá Kallbókinni, 13. útg.	2.000

Nýr verðlisti fyrir YAESU MUSEN tæki og aukahluti
 pr. 1. maí 1980 er kominn út. Nýr aðal-catalog frá
 YAESU er einnig kominn til landsins. Hljóðtækni, Síðunúla 22, Reykjavík.
 Ath. opið kl. 17-19.00. Kveðja, TF3JB.

When it comes to
**AMATEUR
 RADIO QSL's...**



It's the
ONLY BOOK!
 US or DX Listings

1980
callbooks
 NOW READY!